

- A. 64°04'9 N, 23°45'0 V  
 B. 64°04'9 N, 23°42'0 V  
 C. 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvisandi.

## 3. gr.

Á tímabilinu 20. mars til 15. maí 1980, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- A. 63°10'0 N, 22°00'0 V  
 B. 63°25'3 N, 22°00'0 V  
 C. 63°33'7 N, 23°03'0 V.

## 4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81. 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá 1. febrúar 1980, fellur úr gildi reglugerð nr. 438 25. október 1979, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. janúar 1980.*

**Kjartan Jóhannsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um bann við línuveiðum fyrir Vesturlandi.**

## 1. gr.

Til 15. mars 1980 eru allar línuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum í Faxaflóa, við Snæfellsnes og í Breiðafirði:

1. Í Faxaflóa norðan línu sem dregin er frá Dormóðsskeri í Gölt.
2. Á svæði við utanvert Snæfellsnes, sem að utan afmarkast af línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjöruborði. milli lína sem dregnar eru 220° réttvisandi frá Malarrifsvita og 270° réttvisandi frá Skálasnaga (64°51'3 N, 24°02'5 V).
3. Á svæði í Breiðafirði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°07 N og 24°10 V
2. 65°09 N og 24°38 V
3. 65°06 N og 24°39 V
4. 65°02 N og 24°17 V.

## 2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. janúar 1980.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Jón B. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393  
3. nóvember 1977 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

A og B liðir orðist svo:

A. Samkvæmt magnhemli kr. 9 517.00 fyrir hvern mínútulitra á mánuði.

B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 476.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Jöfnur sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi á a, b og c lið verði sem hér segir:

$$A) H = 475\,869 + 519 \times V$$

$$B) H = 713\,804 + 779 \times V$$

$$C) H = \frac{H_n}{475\,869 \times n + 519 \times V_n} \times (475\,869 + 519 \times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Hitaveitugjöld skv. gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1980, 398 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*